

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1067/2013

2014/EES/36/17

frá 30. október 2013

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnin díoxín, díoxínlik PCB-efni og ódíoxínlik PCB-efni í lifur landdýra (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum <sup>(2)</sup> eru fastsett hámarksgildi fyrir díoxín og díoxínlik fjöklóruð bifenyli (PCB-efni) í ýmsum matvælum, þ.m.t. í lifur tiltekinna landdýra.
- 2) Hinn 5. júlí 2011 samþykkti sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) um aðskotaefni í matvælaferlinu (nefndin) álit að beiðni framkvæmdastjórnarinnar um áhættu fyrir lýðheilsu í tengslum við mikið magn díoxína og díoxínlikra PCB-efna í lifur úr sauðfé og hjartardýrum <sup>(3)</sup>.
- 3) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir að í álitinu yrði gefið til kynna hvort hugsanlega væri um að ræða aukna heilbrigðisáhættu fyrir neytendur að því er varðar undirhópa íbúa sem neyta slíkra afurða (t.d. stórneytendur, fólk sem fylgir sérstöku mataræði, o.s.frv.). Í álitinu átti einnig að kanna hugsanlegar ástæður fyrir niðurstöðum varðandi mikið magn díoxíns og PCB-efna í lifur úr sauðfé og hjartardýrum og leggja fram vísindalegar upplýsingar um það hversu víðeigandi það væri að setja reglur í framtíðinni um magn í lifur á grundvelli afurðar fremur en á grundvelli innihalds í fitu.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu: Vísindalegt álit um áhættu fyrir lýðheilsu í tengslum við mikið magn díoxína og díoxínlikra PCB-efna í lifur úr sauðfé og hjartardýrum (e. *Scientific Opinion on the risk to public health related to the presence of high levels of dioxins and dioxin-like PCBs in liver from sheep and deer*). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(7), 2297. [71 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2011.2297. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

- 4) Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að regluleg neysla á lifur úr sauðfé myndi hafa í för með sér að meðaltali u.þ.b. 20% aukningu á bakgrunnsváhrifum af völdum díoxína og díoxínlikra PCB-efna. Í einstökum tilvikum gæti neysla á lifur úr sauðfé haft í för með sér mikla inntöku umfram þolanlega, vikulega inntöku þessara aðskotaefna. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að tíð neysla á lifur úr sauðfé, einkum hjá konum á barneignaraldri og hjá börnum, geti mögulega valdið heilbrigðisvandamálum.
- 5) Enn fremur komst nefndin að þeirri niðurstöðu að jarðvegur og set séu náttúruleg forðabúr díoxína og PCB-efna. Það hefur alla jafna óveruleg áhrif þó að díoxín og PCB-efni berist í plöntur úr jarðvegi um rótarkerfi. Á nokkrum undanförunum árum hefur komið í ljós að nokkur fjöldi sýna úr lifur úr sauðfé frá ýmsum Evrópulöndum inniheldur mikinn styrk díoxína og PCB-efna án þess að það tengist tilteknum uppsprettum mengunar. Hjá sauðfé er beit grunnþáttur að því er varðar váhrif. Við beit getur inntaka jarðvegs orðið í gegnum agnir sem sest hafa á gróður eða beint þegar beitarturtir nálægt yfirborði jarðvegs eru étnar. Inntaka á jarðvegi er talsvert breytileg og mjög árstíðabundin: tilkynnt hefur verið að miðgildi inntöku jarðvegs séu 8% af öllum innteknum þurrefnum. Á heildina litið gæti inntaka á jarðvegi stuðlað verulega að váhrifum á sauðfé af völdum díoxína og PCB-efna. Takmörkuð gögn liggja fyrir sem varða yfirfærslu díoxína og/eða PCB-efna úr fóðri yfir í lifur sauðfjár. Tilkynnt var um breytilegt yfirfærsluhlutfall á bilinu frá 5 til 175, allt eftir því hvort fjöklórað díbensódíoxín (PCDD-efni), fjöklórað díbensófúran (PCDF-efni) eða PCB-efnamyndir voru teknar til athugunar, og voru gildin u.þ.b. fjórum sinnum hærrí fyrir lifur en fyrir kjöt eða nýru.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að lifur í sauðfé sé mikilvægt geymslulíffæri (e. *storage organ*) fyrir díoxín og PCB-efni. Munur á efnaskiptum gæti að hluta til skýrt tiltölulega hátt geymsluhlutfall díoxína og skyldra efnasambanda í lifur sauðfjár samanborið við nautgripi.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir hugsanlega bindingu í lifur og að díoxínin og PCB-efnin yrðu ekki að fullu samtengd við fituhluta lifrarinnar myndi þetta ekki hafa áhrif á niðurstöðurnar, hvort sem þær eru settar fram á grundvelli lípíða eða blautvigtar, þar eð öll díoxín og PCB-efni eru dregin út í greiningarferlinu án tillits til þess í hvaða hluta lifrarinnar þau eru til staðar.

- 8) Framkvæmdastjórnin fór fram á það við tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins (tilvísunarrannsóknarstofan) fyrir díoxín og PCB-efni í fòðri og matvælum að hún rannsakaði hvernig mismunandi útdráttaraðferðir hafa áhrif á magn díoxína og PCB-efna í lifur úr sauðfé með tilliti til þess hvort tilkynna ætti um greiningarniðurstöður á grundvelli fitu eða blautvigtar. Niðurstaða tilvísunarrannsóknarstofunnar var sú að breytileiki í styrk díoxína og PCB-efna væri umtalsvert meiri á grundvelli fitu borið saman við blautvigt. Styrkur díoxína og PCB-efna á grundvelli fitu í lifur úr sauðfé byggðust á útdráttaraðferðinni sem beitt var eða leysiefnunum og þar af leiðandi á fituinnihaldinu sem féll til. Þegar bornar voru saman niðurstöður sem byggðust á blautvigt var innihald díoxína og PCB-efna alveg samanburðarhæft.
- 9) Til að tryggja samanburðarhæfar niðurstöður og samræmda nálgun við framkvæmd innan Sambandsins að því er varðar díoxín og PCB-efni í lifur landdýra er því rétt að fastsetja hámarksgildi á grundvelli blautvigtar eins og þegar hefur verið gert fyrir fisklifur og afleiddar afurðir úr henni.
- 10) Rétt þykir að kveða á um að þau hámarksgildi eigi ekki við um matvæli sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistöku daginn.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

1. gr.

### Breytingaákvæði

Í stað liðar 5.2. í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 komi eftirfarandi:

„5.2.	Lifur úr þeim landdýrum sem um getur í lið 5.1, að undanskildu sauðfé, og afleiddar afurðir úr henni	0,30 pg/g blautvigt	0,50 pg/g blautvigt	3,0 ng/g blautvigt
	Lifur úr sauðfé og afleiddar afurðir úr henni	1,25 pg/g blautvigt	2,00 pg/g blautvigt	3,0 ng/g blautvigt“

2. gr.

### Umbreytingarákvæði

1. Reglugerð þessi gildir ekki um vörur sem voru settar á markað fyrir 1. janúar 2014 í samræmi við þau ákvæði sem voru þá í gildi.
2. Sönnunarbyrðin varðandi það hvenær vörurnar voru settar á markað hvílir á stjórnanda matvælafrirtækisins.

3. gr.

### Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO